


Fagdeild stjórnenda innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er nú orðin **Fagdeild um forystu í hjúkrun**

Frá stjórn Fagdeildar um forystu í hjúkrun til allra hjúkrunarstjórnenda og leiðtoga í hjúkrun

Texti: Helga Bragadóttir, f.h. stjórnar Fagdeilar um forystu í hjúkrun.

Fagdeild um forystu í hjúkrun, sem hét áður Fagdeild stjórnenda innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hefur auk nafnbreytingar endurskoðað markmið sín og það hverjum fagdeildin er opin. Tillögur að breytingum voru lagðar fyrir aðalfund fagdeildarinnar 13. apríl sl. og voru þær samþykktar einróma.

Með breytingunum færir fagdeildin sig nær nútímastjórnun og forystu í hjúkrun þar sem ekki er eingöngu lögð áhersla á hlutverk þeirra sem gegna formlegum stjórnunarstörfum heldur litið til hjúkrunarfræðinga í fjölbreyttum störfum stjórnenda og leiðtoga í heilbrigðis- og velferðarmálum. Breytingarnar eru í anda þess sem Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) hefur boðað síðustu ár, þar sem unnið er að því að efla alla hjúkrunarfræðinga sem leiðtoga, og ábendinga Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um mikilvægt leiðtogahlutverk hjúkrunarfræðinga í heilbrigðisþjónustu um víða veröld.



Gerð var tillaga um breytingu á nafni fagdeildarinnar og lagðar undir fundinn nokkrar mismunandi útfærslur á nafni með það fyrir augum að gera það knappara og var tillagan **Fagdeild um forystu í hjúkrun** samþykkt. Kynningartexti fyrir heimasíðu Fíh og starfsreglur fagdeildarinnar voru endurskoðaðar með tilliti til þess að fleiri hjúkrunarfræðingar en þeir sem gegna formlegum stjórnunarstöðum í heilbrigðis- og velferðarþjónustu gætu gerst félagar, svo sem verkefnastjórar, gæðastjórar, fræðimenn o.fl. Við endurskoðun kynningartexta og starfsreglna var einnig tekið tillit til vaxandi mikilvægis hnattrænnar nálgunar, menningarnæmis og gagnreyndra starfshátta í hjúkrun og heilbrigðisþjónustu, auk þess sem framsetning starfsreglna fylgir nú leiðbeiningum Fíh. Á heimasíðu félagsins má nálgast allar nánari upplýsingar: www.hjukrun.is/fagid/fagdeildir/.

Fundarmenn aðalfundar lýstu ánægju sinni með breytingarnar og töldu þær til bóta, í takt við tímenn og framsýnar. Með þeim gæfist fleirum kostur á þátttöku í fagdeildinni og það væri til að styrkja stjórnun og forystu sem sérsviðs innan hjúkrunar sem aftur efldi þá sem gegna hlutverkum stjórnenda og leiðtoga í hjúkrun á Íslandi. Fagdeild um forystu í hjúkrun býður því alla hjúkrunarfræðinga sem starfa við og hafa áhuga á stjórnun og forystu í heilbrigðis- og velferðarþjónustu velkomna.



Fagdeild um forystu í hjúkrun

Fagdeild um forystu í hjúkrun er opin öllum þeim hjúkrunarfræðingum í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem hafa áhuga á og/eða starfa við stjórnun og forystu innan heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Fagdeild um forystu í hjúkrun er áhugamannafélag sem hefur að markmiði að efla tengsl stjórnenda og leiðtoga innan hjúkrunar, miðla þekkingu og stuðla að framþróun innan fagsins. Leitast er við að vera virkur þátttakandi í stefnumótun, styðja við aukna þekkingu um forystu, hjúkrunarstjórnun, leiðtogahlutverk hjúkrunarfræðinga og gagnreynda starfshætti. Markmiðið er að efla forystu-hlutverk hjúkrunarfræðinga.

Fagdeildin er virkur samstarfsaðili stjórnenda og leiðtoga á alþjóðavettvangi og beitir sér fyrir hnattrænni nálgun, menningarnæmri þjónustu, þverfaglegu samstarfi, rannsóknnum og framförum í stjórnun og forystu.

Með þessi markmið að leiðarljósi stendur fagdeildin fyrir fundum og málþingum, tekur þátt í viðburðum og verkefnum, gefur út fréttabréf til félagsmanna og miðlar upplýsingum á facebook-síðu fagdeildarinnar.

Umsókn um aðild að fagdeildinni má senda til stjórnar fagdeildarinnar á netfangið forysta@hjukrun.is